

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/1800****2018/EES/29/21****frá 11. október 2016****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi  
lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun  
Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 109. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við n-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunar 2009/138/EB þarf röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja (ECAI) á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa við útreikning á gjaldþolskröfu („röðunin“) að vera í samræmi við notkun á lánshæfismati frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum við útreikning á eiginfjárkröfum fyrir lánastofnanir og fjármálastofnanir, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(2)</sup>.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 <sup>(3)</sup> er komið á vörpunaraðferð fyrir notkun á lánshæfismötum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja við útreikning á eiginfjárkröfum fyrir lánastofnanir og fjármálastofnanir, einkum reglum um hvernig viðkomandi lánshæfismötum er raðað í þau sex lánshæfisþrep sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Að því er varðar útreikning á gjaldþolskröfu er í 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 <sup>(4)</sup> mælt fyrir um að röðunin fari eftir kerfi sjö lánshæfisþrepa í stað þeirra sex lánshæfisþrepa sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og notuð eru í vörpunaraðferðinni fyrir lánastofnanir og fjármálastofnanir.
- 4) Til að ná því samræmi sem krafist er skv. n-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunar 2009/138 er röðunin byggð á vörpunaraðferð fyrir lánastofnanir og fjármálastofnanir, með breytingum eftir því sem við á, að teknu tilliti til viðbótarþrepsins sem mælt er fyrir um í lánshæfiskerfinu sem notað er við útreikning á gjaldþolskröfunni.
- 5) Með þessari reglugerð er komið á fyrirkomulagi við röðun, að teknu tilliti til megindlegra og eigindlegra þátta. Nauðsynlegt er að komast hjá því að valda þessum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum verulegu óþarfa óhagræði, þar eð þau leggja fram takmarkaðar tölulegar upplýsingar vegna þess að styttra er síðan þau komu á markað, í því skyni að koma á jafnvægi milli varfærnis- og markaðssjónarmiða. Þess vegna ætti að draga úr vægi megindlegra þátta við að leiða fram vörpunina þegar tölulegar upplýsingar eru takmarkaðar. Uppfæra ætti vörpunina þegar þess gerist þörf til að endurspegla tölulegar upplýsingar sem safnað hefur verið eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjórnartíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjórnartíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á útlánaáætlu í samræmi við 1. mgr. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjórnartíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 3).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjórnartíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

- 6) Fyrirkomulag röðunar gildir um lánshæfismöt frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum, sem eru lánshæfismatsfyrirtæki sem eru skráð eða vottuð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 <sup>(1)</sup>, eða seðlabanka sem gefa út lánshæfismöt sem eru undanþegin beitingu þeirrar reglugerðar, sem og um lánshæfismöt sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki styður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009.
- 7) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópsku eftirlitsstofnanirnar (ESA) (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin) lögðu fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Hinn 29. mars 2016 tilkynnti framkvæmdastjórnin sameiginlegri nefnd Evrópsku eftirlitsstofnananna um þá ætlun sína að styðja frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum með breytingum til að tryggja jafnvægi milli traustrar varfærnisáðferðar og nauðsynjar þess að komast hjá frekari samþjöppun á lánshæfismatsmarkaði sem er mjög samþjappaður nú þegar og þar sem þrjú stór utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eru ráðandi með samanlagða markaðshlutdeild sem nemur um 90%. Í tilkynningu sinni lagði framkvæmdastjórnin einkum áherslu á nauðsyn þess að komast hjá sjálfkrafa beitingu, eftir þrjú ár, á íhaldssamari vörpun fyrir öll utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, sem ekki hafa gefið út nægilega mörg lánshæfismöt, án tillits til gæða lánshæfismats þeirra, þar sem hættu væri á að sú áðferð mundi skapa hindranir í lögum að markaðsaðgangi og grafa undan samkeppnisstöðu smærri/nýrri utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja einfaldlega vegna þess að þau gefa ekki út jafn mörg lánshæfismöt og stærri fyrirtæki sem fyrir eru á markaði. Í formlegu áliti sínu frá 12. maí 2016 staðfesti sameiginleg nefnd Evrópsku eftirlitsstofnananna upphaflega afstöðu sína og lagði ekki fram nýja tæknilega framkvæmdarstaðla með breytingum í samræmi við þær breytingar sem framkvæmdastjórnin lagði til.
- 9) Til að tryggja jafnvægi milli traustrar varfærnisáðferðar og samkeppni á markaði fyrir lánshæfismat ætti að breyta frumvarpinu að tæknilegum framkvæmdarstöðlum að því er varðar ákvæði sem geta að óþörfu valdið verulegu óhagræði fyrir smærri/nýrri utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki vegna þess að styttra er síðan þau komu á markað, einkum ákvæði sem varða beitingu íhaldssamari meðferðar ef um er að ræða takmörkuð gögn, sjálfkrafa gildistöku nýrrar vörpunar frá og með 2019 og ákvæði sem varðar endurskoðun á vörpuninni og vörpunartöflunum sem gilda frá og með 2019.
- 10) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(2)</sup>, hagsmunahópsins í váttryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 <sup>(3)</sup>, og hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið er á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(4)</sup>.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa skal sett fram í viðaukanum.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. október 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa

Lánshæfisþrep	0	1	2	3	4	5	6
<i>AM Best Europe-Rating Services Ltd</i>							
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	aaa	aa+, aa, aa-	a+, a, a-	bbb+, bbb, bbb-	bb+, bb, bb-	b+, b, b-	ccc+, ccc, ccc-, cc, c, rs
Matskvarði fyrir langtímaskuldir	aaa	aa+, aa, aa-	a+, a, a-	bbb+, bbb, bbb-	bb+, bb, bb-	b+, b, b-	ccc+, ccc, ccc-, cc, c, d
Matskvarði fyrir fjárhagslegan styrk		A++, A+	A, A-	B++, B+	B, B-	C++, C+	C, C-, D, E, F, S
Matskvarði til skamms tíma		AMB-1+	AMB-1-	AMB-2, AMB-3	AMB- 4		
<i>ARC Ratings SA</i>							
Matskvarði útgefanda til meðallangs og langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði fyrir útgáfur til meðallangs og langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði útgefanda til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
<i>ASSEKURATA Assekuranz Rating-Agentur GmbH</i>							
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC/C, D
Matskvarði fyrirtækja til skamms tíma		A++	A		B, C, D		
<i>Axesor SA</i>							
Alhliða matskvarði	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D, E
<i>BCRA — Credit Rating Agency AD</i>							
Matskvarði banka til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	C, D
Matskvarði váttrygginga til langs tíma	iAAA	iAA	iA	iBBB	iBB	iB	iC, iD
Matskvarði fyrirtækja til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði sveitarfélaga til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D

Matskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði banka til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði fyrirtækja til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði sveitarfélaga til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		

#### *Banque de France*

Alhliða lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma		3++	3+, 3	4+	4, 5+	5, 6	7, 8, 9, P
--	--	-----	-------	----	-------	------	------------

#### *Capital Intelligence*

Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	C, RS, SD, D
Alþjóðlegur matskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Alþjóðlegur matskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		

#### *Cerved Rating Agency SpA.*

Matskvarði fyrirtækja til langs tíma	A1.1	A1.2, A1.3	A2.1, A2.2, A3.1	B1.1, B1.2	B2.1, B2.2	C1.1	C1.2, C2.1
--------------------------------------	------	------------	------------------	------------	------------	------	------------

#### *Creditreform Ratings AG*

Matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	C, D
---------------------------	-----	----	---	-----	----	---	------

#### *CRIF S.p.A.*

Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, D1, D2
-----------------------------------	-----	----	---	-----	----	---	-------------

#### *Dagong Europe Credit Rating*

Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma		A-1		A-2, A-3	B, C, D		

<i>DBRS Ratings Limited</i>							
Matskvarði skuldbindinga til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði viðskiptabréfa og skammtímaskulda		R-1 H, R-1 M	R-1 L	R-2, R-3	R-4, R-5, D		
Matskvarði greiðslugetu krafna		IC-1	IC-2	IC-3	IC-4	IC-5	D
<i>European Rating Agency</i>							
Matskvarði til langs tíma			AAA, AA, A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði til skamms tíma			S1	S2	S3, S4, NS		
<i>EuroRating Sp. z o.o.</i>							
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
<i>Euler Hermes Rating</i>							
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, SD, D
<i>FERI EuroRating Services AG</i>							
Matskvarði FERI EuroRating	AAA	AA	A		BBB, BB	B	CCC, CC, D
<i>Fitch France S.A.S., Fitch Deutschland GmbH, Fitch Italia SpA, Fitch Polska SA, Fitch Ratings España S.A.U., Fitch Ratings Limited UK, Fitch Ratings CIS Limited</i>							
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, RD, D
Fjármögnunarskuldbindingar fyrirtækja— Matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C
Alþjóðlegur IFS matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C
Matskvarði til skamms tíma		F1+	F1	F2, F3	B, C, RD, D		
IFS matskvarði til skamms tíma		F1+	F1	F2, F3	B, C		
<i>GBB-Rating Gesellschaft für Bonitätsbeurteilung GmbH</i>							
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA	AA		A, BBB	BB	B	CCC, CC, C, D

<i>ICAP Group S.A</i>							
Alhliða matskvarði til langs tíma			AA, A	BB, B	C, D	E, F	G, H
<i>Japan Credit Rating Agency Ltd</i>							
Matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, LD, D
Matskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði útgefanda til skamms tíma		J-1+	J-1	J-2	J-3, NJ, LD, D		
Lánshæfismatskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma		J-1+	J-1	J-2	J-3, NJ, D		
<i>Kroll Bond Rating Agency</i>							
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma		K1+	K1	K2, K3	B, C, D		
<i>Moody's Investors Service Cyprus Ltd, Moody's France S.A.S., Moody's Deutschland GmbH, Moody's Italia S.r.l., Moody's Investors Service España SA, Moody's Investors Service Ltd</i>							
Alhliða matskvarði til langs tíma	Aaa	Aa	A	Baa	Ba	B	Caa, Ca, C
Matskvarði skuldabréfasjóða	Aaa-bf	Aa-bf	A-bf	Baa-bf	Ba-bf	B-bf	Caa-bf, Ca-bf, C-bf
Alhliða matskvarði til skamms tíma		P-1	P-2	P-3	NP		
<i>Standard &amp; Poor's Credit Market Services France S.A.S., Standard &amp; Poor's Credit Market Services Italy S.r.l., Standard &amp; Poor's Credit Market Services Europe Limited</i>							
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, R, SD/D
Lánshæfismatskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði fjárhagslegs styrks váttryggjenda	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, SD/D, R
Matskvarði á lánshæfi sjóða	AAAf	AAf	Af	BBBf	BBf	Bf	CCCf
Matskvarði fyrir mót á meðalstórum fyrirtækjum			MM1	MM2	MM3, MM4	MM5, MM6	MM7, MM8, MMD
Lánshæfismatskvarði útgefanda til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, R, SD/D		
Útgáfa lánshæfismatskvarða til skamms tíma		A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		

<i>Scope Rating</i>							
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alhliða matskvarði til skamms tíma		S-1+	S-1	S-2	S-3, S-4		
<i>Spread Research</i>							
Alþjóðlegur matskvarði til langs tíma	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
<i>The Economist Intelligence Unit Ltd</i>							
Matskvarði ríkja	AAA	AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D